

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um rekstur á lömbum til lífs yfir takmörk hins kláðagrunaða svæðis.* 118
17. sept

— Hreppsnefndirnar í Vatnsleysustrandar, Rosmhvalaness, Hafna- og Grindavíkurhreppum í Gullbringusýslu hafa farið þess á leit, að fá fullt leyfi til að reka til sín lífsfje úr hinum heilbrigðu sveitum, með nákvæmu eptirliti hins opinbera á því, að fje það, er til lífs ætti að reka í þessa hreppa, kæmi ekki saman við annað fje, meðan það yrði rekið gegnum hið grunaða svæði, svo að þessi nýi fjárstofn mætti álitast ógrunaður, og hins vegar óháður umsjón hins opinbera allt svo lengi enginn grunur lægi á því, að hann hefði samgöngur við grunað fje, en til að varna þessu telja hreppsnefndirnar nógað hafa vörð milli nefndra hreppa og nærsveitanna á næstkomanda sumri, og svo lengi sem nokkur kláðagrunur er.

Út af þessu vil jeg tjá yður, herra amtmaður, til þókanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum, að jeg eptir því sem kunnugt er um landslagið í Gullbringusýslu verð að álíta það alveg ómögulegt, að fá með verði nægilega tryggingu gegn fjársamgöngum milli 4 suðurreppa Gullbringusýslu og nærsveitanna, einkum þegar fje það, sem sett er á vetur, er rekið gegnum þessar sveitir. Slíkur vörður mun og aldrei hafa verið haldinn áður, svo að nokkru gagni hafi orðið, og þegar suðurreppum Gullbringusýslu var skipuð heimagæzla sumarið 1875, kom ekki til tals að hafa vörð annarstaðar en frá Ósaboðnum að Njarðvíkurfitjum; en það virðist ekki til mikils að undanþiggja þennan eina hrepp frá umsjón hins opinbera, enda reyndist hinn síðastnefndi vörður alveg ótryggur.

Þeir menn, sem setja fje á vetur í 4 suðurreppum Gullbringusýslu, verða því að vera háðir hinum sömu tryggingarráðstöfunum gegn fjárkláðasýkinni, sem nauðsynlegar hafa þótt annarstaðar, þar sem fjársamgöngur hafa verið við kláðagrunaðar sveitir. Aftur á móti virðist vera ástæða til, með sjerstöku tilliti til hins bágborna ástands í tjeðum hreppum og til þess, að þeir munu geta fengið fje keypt með vægara verði fyrir utan kláðasvæðið en á því, að leyfa mönnum að reka að lömb úr sveitunum fyrir austan Ölvesá, Hvítá og Brúará, þó þannig, að nákvæmar gætur verði hafðar á því, að ekkert fje eldra en frá í vor verði rekið til ásetnings úr tjeðum sveitum með lömbunum, og býst jeg við, að þjer sjáið um, að hinn setti lögreglustjóri í fjárkláðamálinu gjöri hinar nauðsynlegu ráðstafanir í þessu tilliti.

— *Brjef landshöfðingja til biskups um útbýtingu á uppbótarfje handa nokkrum prestaköllum.* 119
18. sept

— Í brjefi frá 7. þ. m. hafið þjer, herra biskup, skýrt frá því, að ekki hafi verið sótt um prestaköllin Stað í Súgandafirði og Presthóla nje um Kvíabekks prestakall, sem prestur sá, er þar var, hefur fengið lausn frá; en þessum brauðum var með brjefum mínum frá 17. janúar f. á. og 5. apríl þ. á. úthlutað í uppbót samtals 700 kr.; og leggið þjer til, að þessu fje verði skipt, eins og nú skal greina:

Mývatnsþing	200 kr.
Álptamýri	100 —
Flatey	100 —
Hrepphólar	60 —
Sandfell (auk 46 kr., sem þessu prestakalli voru lagðar 5. apríl)	50 —
Lundur	30 —
Staður á Snæfjöllum og Kirkjubólsping	40 —

Hinn 20. nóvbr. 1877.